

Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 4.-5. september 2019

Haldinn í Sveinatungu, fundarsal bæjarstjórnar Garðabæjar, Garðatorgi 7

Miðvikudagur 4. september, 13.00-16.30:

Vinnustofur

Jafnréttisstofa hefur nýlega kallað eftir endurnýjuðum jafnréttisáætlunum sveitarfélaga í samræmi við ákvæði jafnréttislaga. Þar er að mörgu að hyggja enda lagaskyldurnar víðtækar. Tvennt virðist sérstaklega brenna á sveitarfélögunum og verða þau atriði tekin til umfjöllunar í vinnustofum:

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni, #MeToo

Umsjón: Fríða Rós Valdimarsdóttir, verkefnastjóri hjá Jafnréttisstofu

Fjallað verður um skyldur sveitarfélaga til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Kynjasambætting með áherslu á kynjaða fjárhagsáætlanagerð

Umsjón: Freyja Barkardóttir, verkefnastjóri í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlanagerð hjá Reykjavíkurborg

Jafnréttislög kveða á um að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Mörg sveitarfélög hafa sýnt áhuga á að flétta hugsun kynjasambættingar inn í áherslur í fjárhagsáætlanagerð. Hér verður sérstaklega fjallað um leiðir til þess.

16.30 Móttaka - léttar veitingar

Fimmtudagur 5. september, 9.00-14.30:

Málþing - Jafnréttismál eru sveitarstjórnarmál

Fjallað verður um breytt lagaumhverfi jafnréttismála: Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um kynrænt sjálfræði.

Fulltrúar Garðabæjar munu kynna áherslur sveitarfélagsins í jafnréttisstarfi.

Hið fjölbætta hlutverk sveitarfélaga sem stjórnvalds, veitanda þjónustu og vinnuveitanda verður skoðað út frá skyldum jafnréttislaga.

Meðal umfjöllunarefna verða:

Nefndir og ráð – niðurstöður könnunar meðal sveitarfélaga

Jafnréttisáætlánir – hvernig er hægt að hafa þær virkar og hverju skilar það?

Jafnréttisstarf í leik- og grunnskólum – dæmi um fyrirmyndarstarf

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Jafnlaunavottun

#MeToo

Fulltrúum sveitarfélaga mun gefast kostur á að segja frá því sem efst er á baugi í jafnréttisstarfi.